

Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi

Tilnefnt til íslensku safnaverðlaunanna 2020



Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2020



Minjasafn Austurlands
Ársskýrsla 2020

© Minjasafn Austurlands

Öll réttindi áskilin

Forsíðumynd: Tilnefning til Íslensku safnaverðlaunanna 2020

Útgefandi: Minjasafn Austurlands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

ISSN 1670-8059

Egilsstaðir, 2021

Efnisyfirlit

Formáli.....	4
1. Inngangur	5
2. Tilnefning til Íslensku safnaverðlaunanna	5
3. Starfsmannamál	7
4. Störf stjórnar.....	7
5. Opnunartímar og aðgangseyrir	8
6. Rekstur og fjármál	9
7. Styrkir	9
8. Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán, söfnun.....	10
8.1 Afhendingar og skráningar	10
8.2 Ragnarsskráin á tölvutækt form	11
8.3 Útlán gripa og notkun í útgáfu	11
8.4 Kjarvalshvammur	12
8.5 Skráning gripa í Lindarbakka á Borgarfirði eystri	13
8.6 Austurland á tímum kórónuveirunnar	13
9. Gestafjöldi og heimsóknir	14
10. Húsnæðismál	15
10.1 Vinnuaðstaða starfsfólks	15
10.2 Viðbygging við Safnahús.....	15
11. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun.....	16
11.1 Grunnsýning	17
11.2 Öskupokasmiðja	17
11.3 Blinda stúlkan frá Kolmúla – sýning á handverki Málfríðar Jónasdóttur	18
11.4 Vefsýning: Kjarval – gripirnir úr bókinni	18
11.5 Flugdrekabók	19
11.6 Hreindýrið Hreindís flytur inn	19
11.7 „Óskadraumur eiginkonunnar“	20
11.8 Ljóstýrur á Dögum myrkurs	20
11.9 Jóladaatal	21
11.10 Gripur mánaðarins	21
12. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir	21
13. Safnfræðsla	22
13.1 Skólaheimsóknir.....	22
13.2 BRAS	22
13.3 Samstarf við Tjarnarskóg og Hádegishöfða.....	23
13.4 Hauksbókarsjóður	23
14. Samstarf, ráðgjöf, fundir og ráðstefnur.....	24
14.1 Ráðstefnur, fundir, ráðgjöf og seta í stjórnnum og starfshópum	24
14.2 Sarpur – vinnuhópar/kjarnahópur	24
14.3 Farskóli FÍSOS.....	25
14.4 Aðild að félögum	25
14.5 Ljósmýndasafn Austurlands	26
14.6 Tæknimínjasafn Austurlands – þátttaka í endurskoðun og björgunarstörfum.....	26
15. Lokaorð	27

Formáli

Segja má að árið 2020 hafi verið árið þar sem ytri aðstæður settu mark sitt á safnastarf hér á landi svo um munaði. Covid-19 setti alla heimsbyggðina úr skorðum og voru íslensk söfn þar engin undantekning. Faraldurinn hafði gríðarlega áhrif á starfsemi þeirra og mörg söfn urðu af miklum tekjum þegar þeim var gert að skella í lás og engir gestir fengu að koma inn fyrir dyr. En fátt er svo með öllu illt að ei boði nokkuð gott. Á meðan ákveðnir hlutar starfseminnar voru settir á ís var hægt að einbeita sér að öðrum þáttum og jafnvel tileinka sér aðrar leiðir í miðlun og viðburðahaldi. Þannig nýttu fleiri söfn sér vefinn til að setja upp vefsýningar, vefleiðsagnir eða bein streymi sem varð til þess að jafna aðgengi almennings um allt land að söfnunum og vekja enn frekari athygli á þeim.

Hamfarirnar á Seyðisfirði eru annað dæmi um hvernig ytri aðstæður, í þessu tilfelli náttúran, getur gripið í taumana og svo gott sem þurrkað út starf marga kynslóða. Það var sárt að horfa upp á eyðilegginguna sem stóra skriðan skildi eftir sig hjá Tækniminjasafni Austurlands en um leið gott að finna samheldnina og samtakamáttinn sem ríki í samfélaginu og meðal safnafólks sem skilaði sér í farsælli björgun þess sem bjargað varð. Á þeim grunni mun Tækniminjasafn Austurlands rísa úr öskustónni á ný.

Á árinu varð líka til nýtt sveitarfélag þegar Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjarðarkaupstaður sameinuðust undir nafninu Múlaþing. Þar með fækkaði sveitarfélögunum sem standa að byggðasamlaginu um Minjasafn Austurlands niður í tvö, Múlaþing og Fljótsdalshrepp. Hið nýja sveitarfélag er ríkt af menningarstofnunum og þar blómstrar fjölskrúðugt menningarlíf. Meðal annars eru þar fjölbreytt söfn sem öll hafa sína sérstöðu bæði hvað varðar safnkost, starfsemi og rekstrarform. Með sameiningunni opnast enn fleiri möguleikar til samstarfs þeirra safna sem hið nýja sveitarfélag kemur að. Til dæmis mætti sjá fyrir sér samstarf í tengslum við markaðssetningu, viðburðahald, safnfræðslu og fleira. Mikilvægt er að hið nýja sveitarfélag móti sér skýra stefnu í málefnum þeirra safna sem það kemur að, svo þau megi öll vaxa, dafna og blómstra. Minjasafn Austurlands mun ekki láta sitt eftir liggja í slíku samstarfi.

Elsa Guðný Björgvinsdóttir, safnstjóri

1. Inngangur

Starfsemi Minjasafns Austurlands árið 2020 litaðist mjög af þeim takmörkunum sem settar voru á vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Flestum verkefnum sem safnið hugðist ráðast í á árinu var frestað til næsta árs, safnið var lokað seinni hluta marsmánaðar og allan apríl á meðan samkomubanni stóð og skólahópar áttu erfitt með að heimsækja safnið vegna takmarkana á skólahaldi. Gestum fækkaði töluvert eins og búast mátti við. Erlendir gestir sem heimsóttu safnið voru fáir en á móti kom að íslenskum gestum fjölgaði mjög yfir sumarið. Þó fresta hafi þurft mörgum verkefnum og viðburðum var þó nóg um að vera hjá starfskonum safnsins. Ýmsir áfangar náðust í skráningu og ráðist var í nýtt skráningarverkefni utan veggja safnsins. Heimsfaraldurinn leiddi líka af sér ný verkefni eins og samtímasöfnunarverkefnið *Austurland á tímum kórónuveirunnar* sem miðaði að því að safna ljósmyndum af ástandinu.

2. Tilnefning til Íslensku safnaverðlaunanna

Þau gleðitíðindi bárust á vormánuðum að samstarfsverkefnið *Austfirskt fullveldi - sjálfbært fullveldi?* væri eitt fimm verkefna sem tilnefnd voru til Íslensku safnaverðlaunanna 2020 en verðlaunin eru veitt annað hvert ár fyrir framúrskarandi starfsemi á sviði safna. Verkefnið var samstarfsverkefni níu austfirskra mennta- menningar- og rannsóknarstofnana á Austurlandi í tilefni af 100 ára afmæli fullveldis Íslands árið 2018. Markmið þess var að skoða með nýstárlegum hætti hugtökin



Fulltrúar safnanna sem tilnefnd voru til Íslensku safnaverðlaunanna 2020 ásamt forseta Íslands og mennta- og menningarmálaráðherra. Mynd: Íslandsdeild ICOM

fullveldi og sjálfbærni og tengslin þar á milli. Settar voru upp fjórar sýningar í jafnmörgum söfnum á Austurlandi, þ.e. Minjasafni Austurlands, Tækniminjasafninu á Seyðisfirði, Sjóminjasafninu á Eskifirði og á Skriðuklaustri í Fljótsdal þar sem aðstæður barna árin 1918 og 2018 voru bornar saman og speglaðar við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Jafnframt var opnuð heimasíða með fræðsluefni og margvíslegum fróðleik. Í umsögn dómnefndar sagði að verkefnið væri "fordæmisgefandi um hvernig söfn af hvaða stærðargráðu sem er geta gert sig gildandi í samfélagsumræðunni og verið leiðandi í samstarfi við fleiri stofnanir. Sýningin tók á knýjandi málefnum samtímans, tengdi safnkost við samfélagið þá, nú og í náinni framtíð með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið [væri] til fyrirmyndar og íslensku safnastarfi til framdráttar." Auk fyrrnefndra safna komu Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Skólaskrifstofa Austurlands, Landgræðsla ríkisins og Menntaskólinn á Egilsstöðum einnig að verkefninu en það var leitt af Austurbrú.

Metfjöldi ábendinga barst valnefndinni sem síðan tilnefndi fimm verkefni. Tilnefnd voru auk austfirsku safnanna: Náttúruminjasafn Ísland fyrir sýninguna *Vatnið í náttúru Íslands*; Listasafn Reykjavíkur fyrir verkefnið 2019 - ár listar í almannarými; Borgarsögusafn Reykjavíkur fyrir sýninguna *Fiskur & fólk - sjósókn í 150 ár* og Þjóðminjasafn Íslands fyrir varðveislu- og rannsóknamiðstöð safnsins og *Handbók um varðveislu safnkosts* sem safnið gaf út. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn þann 18. maí, á alþjóðlegum degi safna, í Safnahúsinu við Hverfisgötu og komu þau í hlut Þjóðminjasafnsins að þessu sinni.

Í tilefni tilnefningarinnar var sýningin sett upp aftur í heild sinni í Sláturhúsinu á Egilsstöðum og opnuð sem hluti af sumarsýningun Menningarmiðstöðvar Fljótsdals-héraðs 17. júní.



Frá sýningunni Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi? í Sláturhúsinu á Egilsstöðum sumarið 2020. Mynd: EGB

3. Starfsmannamál

Engar breytingar urðu á starfsmannamálum safnsins á árinu. Elsa Guðný Björgvinsdóttir var áfram safnstjóri í 100% starfi; Beata Brodowska gegndi stöðu sérfræðings á sviði varðveislu í 100% starfi og Eyrún Hrefna Helgadóttir var í 80% stöðu sérfræðings á sviði fræðslu og miðlunar. Tveir sumarstarfsmenn voru ráðnir í Safnahúsið á vegum Fljótsdalshéraðs í tengslum við átak Vinnumálastofnunar um sumarstörf fyrir námsmenn. Það voru þær Erla Guðný Pálsdóttir og Ása Þorsteinsdóttir og sinntu þær verkefnum á öllum þremur söfnum. Á Minjasafninu sáu þær um gestamóttöku og tóku einnig þátt í skönnun gagna og skráningum.

4. Störf stjórnar

Þrátt fyrir að kosið væri til sveitastjórnar í ný sameinuðu sveitarfélagi, Múlaþingi, á árinu urðu engar breytingar á stjórn safnsins. Ný sveitarstjórn samþykkti að stjórnin héldi umboði sínu „þar til endanleg afstaða hefur verið tekin til þess hvort rekstrarformi safnsins verður breytt“ eins og það var orðað í bókun sveitastjórnar. Þær Ásdís Helga Bjarnadóttir (formaður), Sigrún Blöndal (ritar) og Sigríður Þráinsdóttir sem áður sátu í stjórn fyrir Fljótsdalshéraðs sátu áfram en nú fyrir Múlaþing. Það gerði einnig Kristjana Björnsdóttir (varaformaður) sem áður hafði setið í stjórn fyrir Borgarfjarðarhrepp. Þórdís Sveinsdóttir var áfram fulltrúi Fljótsdalshrepps. Varamenn voru Jónína Brynjólfsdóttir, Dagur Skírnir Óðinsson og Björn Aðalsteinsson fyrir Múlaþing og Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp.

Stjórn kom þrisvar sinnum saman á árinu og eru fundargerðir stjórnarfunda aðgengilegar á heimasíðu Minjasafnsins.

5. Opnunartímar og aðgangseyrir



Segja má að gestamóttaka Minjasafnsins hafi verið í frosti stóran hluta ársins. Mynd: EGB

Þegar árið gekk í garð var safnið opið þriðjudaga til föstudaga frá 11:00 til 16:00 eins og vanalega yfir vetrartímann. Sá opnunartími hélst til 24. mars en þá var söfnum landsins gert að skella í lás vegna samkomubanns sem stjórnvöld settu á til að sporna gegn útbreiðslu Covid-19. Safnið var þá lokað öllum gestum og hélst sú lokun til 4. maí. Þá var byrjað að aflétta samkomubanni í áföngum og söfn

máttu opna að nýju með þeim skilyrðum að ekki væru fleiri en 50 manns í sama rými og að tryggt væri að gestir gætu haft tvo metra sín á milli. 1. júní tók sumaropnunartími gildi og var safnið þá opið alla daga frá kl. 10:00-18:00 fram til 31. ágúst. Þann 31. júlí voru aðgerðir gegn faraldrinum aftur hertar og gestum sem máttu heimsækja safnið á sama tíma fækkað niður í 20 samkvæmt tilmælum aðgerðarstjórnar almannavarna á Austurlandi. Þann 1. september tók vetraropnunartíminn aftur gildi.

Eins og áður var tekið á móti hópum og skólahópum utan auglýsts opnunartíma ef óskað var eftir því (nema þegar safnið var lokað vegna samkomutakmarkana). Takmarkanir stjórnvalda höfðu töluverð áhrif á aðsókn skólahópa en gildandi takmarkanir á skólastarfi á hverjum tíma gerðu það að verkum að skólarnir gátu ekki alltaf farið með hópa í heimsóknir þó svo að safnið væri opið (sjá nánar um safnfræðslu í kafla 13).

Aðgangseyrir að safninu var endurskoðaður á árinu og í maí var almennt miðaverð hækkað úr 1.200 kr. í 1.500 kr. fyrir 18 ára og eldri. Miðaverð fyrir nema, eldri borgara og öryrkja hélst óbreytt og var 1.000 kr. Þegar um var að ræða hópa sem töldu 10 manns eða fleiri var aðgangseyrir 900 á mann. Í samstarfi við Þjónustusamfélagið á Héraði bauð safnið gestum sem gistu á svæðinu 20% afslátt af almennu miðaverði sem var vel nýtt.

6. Rekstur og fjármál

Rekstrartekjur Minjasafnsins á árinu 2020 voru rúmar 32,6 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir 30,5 milljónum. Þar af voru framlög aðildarsveitarfélaga til reksturs safnsins 28 milljónir sem var í samræmi við áætlun. Styrkir til sérverkefna og eflingar grunnstarfsemi (önnur rekstrarframlög) námu 3,6 milljónum króna en áætlun gerði ráð fyrir milljón. Aðgangseyrir var tæp milljón sem er hálfri milljón minna en áætlun hafði gert ráð fyrir.

Rekstrargjöld ársins 2020 námu samkvæmt ársreikningi 45,5 milljónum en áætlun hafði gert ráð fyrir rúmum 42,4 milljónum. Þar af voru laun og launatengd gjöld rúmar 23,6 milljónir en áætlun hafði gert ráð fyrir 22,7 milljónum.

Fjárhagsáætlun ársins 2020 gerði ráð fyrir að niðurstaða rekstrarreiknings yrði tap upp á rúmar 11,9 milljónir króna sem skýrist af gjaldfærðri húsaleigu vegna Laufskóga 1 en umsamið kaupverð á fasteigninni (sem Fljótsdalshérað keypti árið 2013) greiðist með endurgjaldslausum afnotum Minjasafnsins af húsnæðinu. Rekstrarniðurstaða ársins var hins vegar neikvæð um 12,9 milljónir sem þýðir að tap af hefðbundnum rekstri var tæp milljón króna. Nánari upplýsingar um fjármál safnsins árið 2020 er að finna í ársreikningi sem aðgengilegur er á heimasíðu safnsins.

7. Styrkir

Safninu var úthlutað 6.370.000 kr. í styrki á árinu úr hinum ýmsu sjóðum til níu mismunandi verkefna. Vegna heimsfaraldurs þurfti að fresta sex af þessum níu verkefnum og voru styrkir vegna þeirra færðir til næsta árs í samráði við forsvarsfólk sjóðanna.

Safnið hlaut átta styrki úr Safnasjóði: 800.000 kr. til eflingar grunnstarfsemi sem fólst í bættum aðbúnaði starfsfólks og safngripa (sjá kafla 10.1); 250.000 kr. til að skrá gögn úr samtímasöfnunarverkefninu *Leikir barna* sem safnið tók þátt í á árinum 2009-2012; 220.000 kr. til að halda forvörslunámskeið; 260.000 kr. til að senda starfsmenn á Farskóla safnmanna sem fyrirhugað var að halda í Vestmannaeyjum; 200.000 kr. fyrir sumarhús Kjarvals í Kjarvalshvammi (sjá kafla 8.4); 300.000 kr. í landsbyggðarráðstefnu safnsins og Félags þjóðfræðinga á Íslandi; 270.000 kr. í safnfræðsluverkefni um Valþjófsstaðahurðina í tengslum við BRAS (sjá kafla 13.2) og síðast en ekki síst fékk safnið 1.360.000 kr. í flýtttri aukaúthlutun vegna

Covid-19 til söfnunar samtímaheimilda og endurskoðunar sýningardagskrár og miðlunar (sjá kafla 8.6 og 11.6).

Úr Uppbygginarsjóði Austurlands hlaut safnið þrjá styrki: 500.000 kr. í sumarhús Kjarvals; 300.000 kr. í safnfræðsluverkefni um Valþjófsstaðahurðina og 500.000 kr. í fyrirhugaða sumarsýningu safnsins með verkum franska sjónlistamannsins Francois Lelong (sjá kafla 11).

Safnið hlaut einnig þrjá 100.000 kr. styrki frá Fljótsdalshéraði: í safnfræðsluverkefni um Valþjófsstaðahurðina, sumarhús Kjarvals og landsbyggðarráðstefnu safnsins og Félags þjóðfræðinga á Íslandi.

Þá hlaut safnið 600.000 kr. úr Húsafriðunarsjóði í viðhald á sumarhúsi Kjarvals og 510.000 kr. úr byggðapróunarverkefninu Betri Borgarfjörður til að skrá muni sem tilheyra Lindarbakka á Borgarfirði (sjá kafla 8.5).

Vegna heimsfaraldurs var eftirtöldum verkefnum frestað til næsta árs: Skráning ganga úr verkefninu *Leikir barna*; forvörslunámskeið, Farskóli safnmanna; Landsbyggðarráðstefna Minjasafns Austurlands og Félags þjóðfræðinga; safnfræðsluverkefni um Valþjófsstaðahurðina og sýning á verkum Francois Lelong. Þá færðist greiðsla seinni helmings styrksins vegna skráningar muna á Lindarbakka til ársins 2021 þar sem verkefninu var ekki að fullu lokið í árslok.

8. Afhendingar, skráning, varðveisla, útlán, söfnun

Umsýsla safnkostsins er eitt af megin verkefnum Minjasafnsins á hverjum tíma enda ljóst að án hans væri ekkert safn. Stöðugt er unnið að því að bæta varðveisluskilyrði, skráningar og fleira sem við kemur safnkostinum. Þá bætist stöðugt í safnið og ánægjulegt til þess að hugsa hve margir átta sig á mikilvægi þess að varðveita söguna sem felst í efnismenningu okkar.

8.1 Afhendingar og skráningar

Á árinu 2020 voru 50 gripir afhentir safninu. Allir voru þeir ljósmyndaðir og skráðir í menningarsögulega gagnasafnið Sarp þar sem haldið er utan um upplýsingar um safnkost flestra íslenskra safna. Óhætt er að segja að gripirnir hafi verið af öllum stærðum og gerðum en meðal þeirra voru orgel úr Eiríksstaðakirkju sem sóknarnefnd kirkjunnar afhenti, málverk eftir Steinpór Eiríksson sem sýnir landslagið við Njarðvík

með Dyrfjöllin í baksýn, háfjallasól og hápurrrka, kjólföt sem saumuð voru fyrir alþingishátíðina 1930 og fornt ístað svo fátt eitt sé nefnt. Hægt er að nálgast upplýsingar um alla þessa gripi og aðra sem safnið eignaðist á árinu á vefnum sarpur.is. Skráðar færslur í Sarpi voru 11.940 í árslok en á bak við hverja færslur eru stundum fleiri en einn hlutur svo safnkostur safnsins telur umtalsvert fleiri hluti. Stóran hluta safnkostsins getur almenningur skoðað á vefnum og stöðugt er unnið að því að gera fleiri færslur aðgengilegar almenningi.

8.2 Ragnarsskráin á tölvutækt form

Á árinu var lokið við að koma fyrstu aðfangabók Minjasafnsins á tölvutækt form. Sú skrá gengur í daglegu tali starfsmanna safnsins undir nafninu *Ragnarsskráin* og dregur nafn sitt af skrásetjaranum, Ragnari Ásgeirssyni. Ragnar var ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Íslands og lagði Minjasafni Austurlands lið á fyrstu árum þess með því að safna gripum á ferðum sínum um fjórðunginn og skrá þá í fyrrnefnda skrá. Í gegnum tíðina hafa aðferðir við skráningu breyst og þróast í takt við tæknibreytingar og áherslur. Þó svo að allar skráningar safnsins séu komnar í Sarp getur oft komið upp sú staða að leita þurfi í upphaflegu skráninguna til að sannreyna upplýsingar eða afla frekari upplýsinga. Mikið vinnuhagræði er í því að hafa fyrrnefnda skrá á tölvutæku formi þar sem það auðveldar alla leit og umsýslu.

8.3 Útlán gripa og notkun í útgáfu

Munir sem áður höfðu verið teknir til sýninga utan Minjasafnsins voru það áfram á árinu. Munir sem tilheyrðu Vigfúsi Sigurðssyni frá Egilsstöðum í Fljótsdal voru áfram til sýnis á Óbyggðasetrinu í Fljótsdal, Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisþjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði en húsið tilheyrir Húsasafni Þjóðminjasafnsins. Þá voru munir frá Minjasafninu áfram til sýnis í Fjarðarselsvirkjun á Seyðisfirði á vegum Rarik og nokkrir munir á Eiðum á vegum Eiðavina. Af styttri lánum má nefna að Hallormsstaðaskóli fékk lánaða kamba og rokka til að nota við kennslu í tóvinnu.

8.4 Kjarvalshvammur

Minjasafn Austurlands hefur umsjón með sumarhúsi Jóhannesar Sveinsonar Kjarval sem stendur í landi Ketilsstaða í Hjaltastaðapinghá. Frá árinu 2018 hefur safnið staðið fyrir viðhaldi og endurbótum á húsinu og hélt sú vinna áfram á árinu. Sem fyrr var það Björn Björgvinsson húsasmíðameistari sem hafði yfirumsjón með verkinu en honum til aðstoðar var Þórhallur Borgarsson.



Unnið að lagfæringu á þaki hússins haustið 2020. Mynd: EGB

Í fyrsta áfanga verkefnisins, árið 2018, var húsið híft af undirstöðum sínum, eldri undirstöður fjarlægðar og nýjar forsteyptar einingar settar undir húsið í staðinn. Mold sem var undir húsinu var skipt út fyrir mól. Gert var við fótstykki, gólf og burðarvirki í gólfi. Sumarið 2019 var unnið að viðgerð á langhliðum hússins og stafni að baka til. Skipt var um fótstykki og hluta af stoðum vegna fúa. Þá var jafnframt gengið frá tryggum festingum við steypa undirstöðubita. Í þriðja áfanga framkvæmdanna, árið 2020, var haldið áfram með ytra byrði hússins eins og fjármagn leyfði. Áhersla var lögð á viðgerð á þaki og þakköntum og m.a. var skipt um þakplötur og þær færðar til upprunalegs horfs.

Sem fyrr var lögð áhersla á að breyta ekki ásýnd hússins á nokkurn hátt. Markmiðið með framkvæmdunum er fyrst og fremst að koma í veg fyrir frekari skemmdir og tryggja varðveislu hússins um ókomna tíð svo það megi áfram standa í hvamminum sem minnisvarði um listamanninn Jóhannes Kjarval. Eftir stendur að ljúka viðgerð á stafni hússins að framan, gera við hurð og glugga og laga tröppur og hlið. Þá þarf að huga að innra byrði hússins. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum við húsið á árinu 2021 fáist til þess fjármagn. Við húsið stendur einnig bátaskýli sem geymir Gullmávinn, bát Kjarvals. Þegar fram líða stundir þarf að huga að nauðsynlegum endurbótum á því.

8.5 Skráning gripa í Lindarbakka á Borgarfirði eystra




Lindarbakki er eitt þekktasta kennileiti á Borgarfirði. Mynd: EHH.

Minjasafnið hlaut á árinu styrk í gegnum byggðapróunarverkefnið Betri Borgarfjörður til að skrá munina sem tilheyrir húsinu Lindarbakka á Borgarfirði eystra. Lindarbakki var byggður árið 1899 og eru hlutar hússins enn upprunalegir. Elísabet Sveinsdóttir (Stella á Lindarbakka) og eiginmaður hennar heitinn, Skúli Ingvarsson, keyptu húsið árið 1979 og nýttu sem sumardvalarstað.

Lindarbakki er fyrir löngu orðið eitt helsta kennileiti á Borgarfirði eystra enda er húsið mikil bæjarprýði. Sumarið 2020 afhenti Stella Borgarfjarðarhreppi húsið formlega til eignar og í framhaldi af því var ákveðið að útbúa heildstæða skrá yfir gripina í húsinu, með myndum og upplýsingum um uppruna þeirra og sögu. Eyrún Hrefna Helgadóttir, starfsmaður Minjasafnsins, fer fyrir verkefninu og hægt er að fylgjast með framvindu þess í máli og myndum á Facebook og Instagram. Stefnt er á að ljúka því á árinu 2021.

8.6 Austurland á tímum kórónuveirunnar

Þegar fyrstu Covid-19 smitin greindust hér á landi breyttust aðstæður í samfélaginu hratt og hugtakið „fordæmalausir tímar“ komst á flug. Aðstæður voru vissulega fordæmalausar og alls staðar þurfti fólk að breyta venjum sínum og aðlaga sig að nýjum veruleika. Í miðju samkomubanni í apríl leitaði Minjasafn Austurlands eftir samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs um verkefni sem miðaði því að safna samtímaheimildum um aðstæðurnar eins og



Frá Austurlandi á tímum kórónuveirunnar. Mynd: Tara Tjörvadóttir.

þær voru á starfssvæði stofnananna á þessum tíma. Verkefnið fékk vinnuheitið *Austurland á tímum kórónuveirunnar* en markmið þess var að fanga á mynd þær óvenjulegu aðstæður sem Covid-19 hafði skapað og safna um leið heimildum um þessa tíma fyrir komandi kynslóðir. Tara Ösp Tjörvadóttir ljósmyndari var ráðin til að fara um svæðið og taka myndir og gerði hún það bæði í fyrstu bylgju faraldursins (vorið 2020) og einnig í þeirri næstu (haustið 2020). Stefnt er að því að myndirnar verði settar upp á sýningu síðar og að þær verði svo varðveittar hjá Ljósmyndasafni Austurlands.

9. Gestafjöldi og heimsóknir

Á árinu 2020 heimsóttu 1900 manns Minjasafnið þegar allt er talið og er það nokkur fækkun frá fyrra ári en þá voru gestir samtals 2860. Verður það að teljast eðlilegt í ljósi heimsfaraldursins en hann gerði það að t.d. verkum að örðugt var að halda viðburði og erlendum ferðamönnum fækkaði mjög.

Almennir gestir sem heimsóttu safnið á árinu 2020 voru 1220. Þar fækkaði erlendum ferðamönnum mikið en þeir voru 418 (326 fullorðnir og 92 börn) samanborið við 1250 árið 2019. Innlendum gestum fjölgaði aftur á móti nokkuð en á árinu 2020 voru þeir 803 samanborið við tæplega 730 árið 2019. Athyglisvert er að bera saman fjölda innlendra gesta í júní, júlí og ágúst árin 2019 og 2020. Árið 2019 heimsóttu 467 innlendir gestir safnið yfir sumarmánuðina en árið 2020 voru þeir 714. Hafa ber í huga að á árinu 2020 komu mun færri gestir í heimsókn á safnið á 17. júní en mjög margir heimamenn heimsækja safnið alla jafna þann dag í tengslum við opnanir sýninga og aðra viðburði sem minna fór fyrir í ár. Þessir innlendu gestir voru því fyrst og fremst innlendir ferðamenn sem lögðu leið sína austur á land í sumar og komu á safnið í leit að afþreyingu. Af þessum rúmlega 700 innlendu gestum sem heimsóttu safnið í sumar voru 243 börn sem er afar ánægjulegt. Minna var um innlenda gesti á öðrum mánuðum ársins og skýrist það einna helst af því að á árinu 2020 var ekki unnt að halda alla þá viðburði sem safnið hefur vanalega staðið fyrir og hafa alla jafna verið vel sóttir af heimaþólki.


560 nemendur heimsóttu safnið í skipulögðum skólaheimsóknum sem er nokkur fækkun frá árinu 2019 þegar þeir voru 760 en höfðu verið rúmlega 600 árið 2018. Þessum nemendum fylgdu 117 kennarar. Fækkunin skýrist einnig af Covid-19

en reglur um takmarkanir á skólahaldi vegna heimsfaraldursins komu í veg fyrir að skólahópar gætu heimsótt söfn stóran hluta ársins (sjá nánar um safnfræðslu í kafla 13).

10. Húsnæðismál

Húsnæðismál safnsins voru að mestu óbreytt ár árinu. Safnið leigði áfram geymslurými af Fljótsdalshéraði undir hluta af safnkostinum en það rými er við Tjarnarás á Egilsstöðum. Vinnuaðstaða starfsfólks var færð til og skriður komst á undirbúning framkvæmda við Safnahúsið.

10.1 Vinnuaðstaða starfsfólks



*Starfskonur Minjasafnsins í nýrri skrifstofu-
aðstöðu á miðhæð Safnahússins. Mynd: EGB*

Á árinu 2019 var skrifstofuaðstaða allra þriggja starfsmanna Minjasafnsins sameinuð á miðhæð hússins og útbúin bráðabirgða aðstaða fyrir þá starfsmenn sem fram að því höfðu haft skrifstofuaðstöðu í kjallara. Aðstæður í kjallaranum þóttu ekki viðunandi og því var ákveðið, í samráði við Fljótsdalshérað, eiganda Safnahússins, að breyta rými á miðhæðinni í skrifstofuaðstöðu.

Umrætt rými var á sínum tíma útbúið fyrir veitingasölu en slík starfsemi hafði ekki verið í húsinu um árabil og ekki á döfinni. Framkvæmdir fóru fram á árinu 2020. Innréttingar voru fjarlægðar úr rýminu, ný húsgögn og tölvubúnaður keyptur og hurð sett fyrir opið. Aðstaðan var tilbúin í lok mars. Safnasjóður styrkti kaup á húsgögnum og búnaði.

10.2 Viðbygging við Safnahús

Undirbúningur að nýrri viðbyggingu við Safnahúsið hélt áfram á árinu. Forsaga málsins teygir sig aftur til ársins 1999 þegar þáverandi ríkisstjórn ákvað að leggja fé

til uppbyggingar menningarhúsa á landsbyggðinni. Upphaflegar hugmyndir gerðu ráð fyrir að nýtt menningar- og stjórnsýsluhús myndi rísa í miðbæ Egilsstaða en horfið var frá þeim hugmyndum þar sem ljóst þótti að mikill kostnaður hefði fallið á sveitarfélagið. Þess í stað kom upp sú hugmynd að nýta peningana til að efla þau hús sem fyrir eru í sveitarfélaginu og byggja upp Sláturhúsið sem hýsir Menningarmiðstöð Fljótshálsbæjar og reisa nýja burst við Safnahúsið en upphaflegar teikningar gerðu ráð fyrir þremur burstum. Í október 2016 skrifuðu Illugi Gunnarsson þáverandi mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson bæjarstjóri Fljótshálsbæjar undir viljayfirlýsingu þess efnis að ný burst yrði reist við Safnahúsið á næstu árum. Samkvæmt yfirlýsingunni átti tillaga um fjárheimildir vegna verkefnisins að vera lögð fram sem hluti af fjárlagafrumvarpi ársins 2018. Sú varð hins vegar ekki raunin og fjárheimildirnar voru ekki hluti af fimm ára fjármálaáætlun sem þáverandi ríkisstjórn lagði fram í maí 2017. Í maí 2018 dró hins vegar til tíðinda að nýju þegar Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótshálsbæjar undirrituðu samning sem fól í sér stofnframlag til fyrrnefndar uppbyggingar á menningarhúsunum sem fyrir eru á Egilsstöðum. Síðan þá hefur áfram verið unnið að undirbúningi málsins á vettvangi stjórnsýslunnar. Á árinu 2020 má segja að málið hafi loks komist á skrið þegar skipuð var byggingarnefnd yfir verkefnið og framkvæmdir hófust í Sláturhúsinu. Fyrirhugað er að framkvæmdir við Safnahúsið hefjist á árinu 2021.

11. Sýningar, viðburðahald og önnur miðlun

Sýninga- og viðburðahald Minjasafns Austurlands varð fyrir töluverðum áhrifum af heimsfaraldrinum sem geisaði á árinu. Fyrirhugað var að sumarsýning safnsins yrði sýning á verkum franska sjónlistamannsins Francois Lelong en hann komst ekki til landsins til að vinna að sýningunni svo henni var frestað um ár. Þá þurfti að fresta nær öllum viðburðum sem safnið hafði fyrirhugað á árinu, t.d. ráðstefnu sem stóð til að safnið héldi í samstarfi við Félag þjóðfræðinga á Íslandi. Þess í stað var áhersla lögð á smærri sýningar á gripum úr safnkosti safnsins og starfsfólk prófaði sig áfram með vefsýningar og aðra miðlun á vefnum.

11.1 Grunnsýning

Grunnsýning Minjasafnsins var óbreytt á árinu. Sýningin var sem fyrr tvískipt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna *Sjálfbær eining* og hins vegar sýninguna *Hreindýrin á Austurlandi*. Á fyrrnefndu sýningunni er leitast við að sýna hvernig hvert íslenskt sveitaheimili þurfti að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar og þar eru til sýnis gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Á sýningunni *Hreindýrin á Austurlandi*, sem opnuð var árið 2015 er fjallað um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hætturnar sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í matargerð, handverki og hönnun.

11.2 Öskupokasmiðja



*Gestir á Öskupokasmiðjunnar munda nálarnar.
Mynd: EGB*

Hefð hefur skapast fyrir því að Minjasafnið, Bókasafn Héraðsbúa og Soroptimistaklúbbur Austurlands standi saman að öskupokasmiðju þar sem gestir og gangandi fá leiðsögn í þeirri alíslensku list að sauma öskupoka. Í ár var engin breyting þar á og boðað til slíkrar smiðju á bolludaginn, 24. febrúar. Kristjana Björnsdóttir var leiðbeinandi í smiðjunni sem var vel sótt eins og

undanfarin ár. Að þessu sinni gátu þeir sem sóttu smiðjuna valið um að sauma öskupoka frá grunni eða fegið tilbúinn öskupoka og skreytt hann með t.d. perlum og útsaumi. Einnig var í boði að stinga málshætti, steinum eða jafnvel ösku ofan í pokana.

11.3 Blinda stúlkan frá Kolmúla – sýning á handverki Málfríðar Jónasdóttur

Í mars var sett upp örsýning tileinkuð Málfríði Jónsdóttur sem fæddist 27. september 1910 að Hreimssstöðum í Hjaltastaðapinghá. Málfríður var fyrsta barn hjónanna Guðnýjar Guðmundsdóttur frá Heiðarseli í Tungu og Jónasar Benediktssonar frá Kolsstöðum á Völlum. Þegar Málfríður var á 10. aldursári fluttist fjölskyldan að Vattarnesi við Reyðarfjörð og síðar í Kolmúla. Árið sem fjölskyldan flutti að Vattarnesi veiktist Málfríður illa af heilahimnubólgu og missti bæði sjón og heyrn eftir hálfs árs þjáningafull veikindi. Heyrnina fékk hún að einhverju leyti aftur en sjónina ekki. Þrátt fyrir fötlun sína lauk hún 14 ára gömul fullnaðarprófi eins og önnur börn og dvaldi síðar veturlangt í Reykjavík við nám í



Málfríður Jónsdóttir.
Mynd: Ljósmyndasafn
Austurlands.

dönsku og blindralettri til undirbúnings frekara náms við kvennaskóla fyrir blindra í Danmörku. Í Danmörku hlaut Málfríður m.a. mikla þjálfun í vefnaði ýmiskonar og voru afköst hennar og vandvirkni með ólíkindum. Hróður Málfríðar barst víða og var handavinna hennar seld og gefin vítt um land og til útlanda. Málfríður lést aðeins þrítug að aldri, þann 20. mars 1941. Á Minjasafninu er varðveitt þó nokkuð af handverki Málfríðar og var það til sýnis á sýningunni auk ljósmynda og skjala frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga.

11.4 Vefsýning: Kjarval – gripirnir úr bókinni

Í miðju samkomubanni, nánar tiltekið í byrjun apríl, var opnuð ný vefsýning á vegum Minjasafnsins á Sarpi. Sýningin bar heitið *Kjarval – gripirnir úr bókinni* en þar mátti nálgast myndir og upplýsingar um fjölmarga gripi Jóhannesar Kjarval listmálara sem safnið varðveitir og birtust í bók Margrétar Tryggvadóttur, *Kjarval – málarinn sem fór sínar eigin leiðir* sem kom út árið 2019. Samfélagsmiðlar voru nýttir til að vekja athygli á sýningunni og fólk hvatt til að setjast niður við tölvuna með bókina við höndina, skoða hana samhliða sýningunni og reyna að finna alla gripina á síðum bókarinnar. Þá höfðu þrír auka hlutir slæðst með á sýninguna sem fólk var hvatt til að reyna að finna.

11.5 Flugdrekabók



Guy Stewart setur flugdrekabækur sínar á loft í Safnahúsinu. Mynd: EGB.

Sýningin *Fleyg orð – Flugdrekabók* var opnuð í Safnahúsinu 17. júní. Á sýningunni sýndi listamaðurinn Guy Stewart sjö listaverk sem hvert og eitt er tileinkað fornu bókmenntaverki. Sýningin var nokkurs konar óður til bókarinnar og bókmenningar, íhuguls lesturs og frelsis ímyndunaraflsins. Listamaðurinn beinir sjónum sínum að þeim áhrifum sem nýir miðlar eins og internetið hafa á hugsanagang okkar og hvernig við umgöngumst bækur í dag. Niðurstaðan er að bækur séu eins og flugdrekar. Á meðan internetið er alltumlykjandi er bókin hlutur sem við tökum okkur í hendur á ákveðnum tímum við ákveðnar aðstæður, rétt eins og flugdrekar sem aðeins er hægt að fljúga í vindi.

Flugdrekabókin hefur verið sett upp á bókasöfnum bæði hér á landi og erlendis, m.a. á Amtsbókasafninu á Akureyri, Borgarbókasafni og Íslenska bókasafninu í Háskólanum í Manitoba. Uppsetning sýningarinnar í Safnahúsinu var samstarfsverkefni allra safnanna í húsinu og var styrkt af Fljótsdalshéraði.

11.6 Hreindýrið Hreindís flytur inn



Á vormánuðum var ákveðið að efla þjónustu safnsins við gesti þess af yngri kynslóðinni. Var það hluti af endurskoðun sýningarhalds og miðlunar safnsins í kjölfar heimsfaraldursins sem hafði áhrif bæði á sýningarhald, gestakomur og samsetningu gestahópsins. Leitað var til listakonunnar HrafnSunnu Ross sem hannaði og teiknaði Hreindýrið Hreindísi sem gerð var að einskonar andliti barnastarfs safnsins. Sett var upp sérstakt krakkahorn þar sem Hreindís bauð gestum upp á margvíslega fróðlega og skemmtilega afþreyingu. Þá var sett upp sérstök krakkaleiðsögn með myndum af Hreindísi þar sem yngri gestir eru leiddir um

sýningar safnsins. Með þessu var ætlunin að höfða betur til hinnar íslensku barnafjölskyldu sem væri á ferðalagi um landið og tókst það með ágætum enda fjölgaði íslenskum gestum safnsins mjög og aldrei hafa fleiri börn heimsótt safnið en síðastliðið sumar.

11.7 „Óskadraumur eiginkonunnar“

Í október var ný örsýning opnuð á þriðju hæð Safnahússins. Sú sýning bar heitið „Óskadraumur eiginkonunnar“ og þar mátti sjá margvíslegar snyrti- og fegrunarvörur og tæki. Nafn sitt dró sýningin var forláta Ronson hárpurrkum sem voru auglýstar undir þessari fyrirsögn á sínum tíma. Gripirnir vöktu upp margvíslegar minningar hjá gestum. Sumir þeirra eru jafnvel notaðir enn í dag á sumum heimilum á meðan tímans tönn hafði ekki farið eins mjúkum höndum um aðra.



11.8 Ljóstýrur á Dögum myrkurs



Menningarhátíðin Dagar myrkurs var lituð af heimsfaraldri og samkomutakmörkunum. Hátíðin var venju samkvæmt haldin í lok október og hún tengd við hina fornu hátíð veturnætur. Þar sem ekki var unnt að standa fyrir fjölmönnum viðburðum var frekar

mælst til að skipuleggjendur myndu nýta vefinn í auknum mæli og hvetja til samveru fjölskyldunnar. Minjasafnið tók þátt með því að bjóða upp á fróðleiksmola á heimasíðunni sem hlutu heitið *Ljóstýrur á Dögum myrkurs*. Þar var fjallað um efni sem tengdist hátíðinni og árstímanum. Umfjöllunarefnin voru: Hátíðir í byrjun vetrar; vetrarverkin í gamla landbúnaðarsamfélaginu á 19. öld; ljós og ljósmeti fyrr á tímum og draugar á Austurlandi.

11.9 Jóladagatal



Jóladagatal Minjasafnsins hóf göngu sína á heimasíðu safnsins 1. desember, venju samkvæmt. Daglega fram að jólum opnaðist einn „gluggi“ á heimasíðunni þar sem sjá mátti myndir og fróðleik um grip úr safnkostinum sem tengdist jólahaldi á einhvern hátt. Færslunum var einnig deilt á Facebook-síðu safnsins. Sú nýbreytni var á í ár að gripirnir birtust líka, einn á dag, í sýningarskápnum á þriðju hæð

Minjasafnsins þar sem gestir og gangandi gátu virt gripina fyrir sér í návígi.

11.10 Gripur mánaðarins

Liðurinn *Gripur mánaðarins* hélt áfram göngu sinni á heimasíðu safnsins á árinu. Eins og nafnið gefur til kynna snýst hann um að kynna mánaðarlega einn grip úr safnkosti safnsins. Innleggjunum er deilt á samfélagsmiðlun safnsins og hægt er að skoða alla fyrrum gripir mánaðarins á heimasíðunni undir liðnum fræðsla.

12. Markaðssetning og fjölmiðlaumfjallanir

Sýningar og viðburðir Minjasafnsins voru auglýstir með margvíslegum hætti. Einblöðungum var dreift á upplýsingamiðstöðvar, hótél og veitingastaði í fjórðungnum og víðar. Auk þess var safnið auglýst á götukorti sem Héraðsprent gaf út og lá frammi á öllum helstu þjónustustöðum á Egilsstöðum og Fellabæ. Þá var safnið auglýst í Kompási, Safnabókinni og Vegahandbókinni auk þess sem auglýsingar voru birtar á Facebook. Safnið var einnig hluti af sameiginlegu auglýsingaátaki safna í útvarpsauglýsingum RÚV og auglýsti þar einnig á eigin vegum. Allir viðburðir á vegum safnsins voru kynntir á heimasíðu og Facebook-síðu safnsins og starfskonur prófuðu sig áfram með að gera stutt myndbönd þar sem sýningar voru kynntar. Safnstjóri skrifaði grein í safnablaðið *Kvist um verkefnið Austfirskt fullveldi – Sjálfbært fullveldi?* í tilefni af tilnefningunni til íslensku safnaverðlaunanna (sjá kafla 2). Þá var safnið eitt af söfnum vikunnar í þættinum Sumarmálum á Rás 1 og mætti safnstjóri í

viðtal af því tilefni þar sem fjallað var vítt og breitt um starfsemina.

13. Safnfræðsla

Safnfræðsla Minjasafnsins hélt áfram að vaxa og dafna á árinu þó skuggi heimsfaraldursins hafi legið yfir og haft töluverð áhrif, bæði á aðsókn skólahópa og á verkefni sem fyrirhuguð höfðu verið.

13.1 Skólaheimsóknir

Tekið var á móti 560 nemendum á Minjasafninu á árinu sem töluverð fækkun frá fyrri árum en þeir voru 760 árið 2019 og 613 árið 2018. Skýrist þessi fækkun að sjálfsögðu af takmörkunum sem skóla- og safnastarfi voru settar vegna Covid-19. Nemendur leikskóla voru 188, grunnskólanemendur voru 360 og framhaldsskólanemendur 10. Þessum nemendum fylgdu 117 kennarar. Sem fyrr komu langflestir nemendur úr skólunum á Fljótsdalshéraði og frá þeim skólum sem næst eru safninu.

13.2 BRAS



Nemendur Brúarásskóla vinna að gerð hreyfimyndar byggðri á íslenskri þjóðsögu. Mynd: EGB

Menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi, BRAS, var haldin í þriðja sinn á árinu. Minjasafnið hugðist taka virkan þátt í hátíðinni eins og undanfarin ár og hafði undirbúið þrjár mismunandi smiðjur fyrir nemendur grunnskólanna. Þar var í fyrsta lagi um að ræða hreyfimyndasmiðju þar sem nemendur unnu hreyfimynd (stop motion) upp úr þjóðsögu að eigin vali en sambærileg smiðja hafði verið í boði árið áður og tókst hún afar vel. Í öðru lagi var ætlunin að bjóða upp á smiðju þar sem nemendur áttu að vinna

skapandi verkefni innblásin af útskurði Valþjófsstaðahurðarinnar undir handleiðslu listamanna og í þriðja lagi flugdrekasmiðju í tengslum við sýninguna Flugdrekabók. Það er skemmst frá því að segja að um það leyti sem smiðjurnar áttu að hefjast voru

samkomutakmarkanir hertar og takmarkanir á skólahaldi þar með. Aðeins einn hópur náði að koma í þjóðsagnasmiðjuna en aðrir hópar sem hugðust mæta í hana færðu hana inn í skólana og gerðu þar stuttmyndir sem síðan voru sýndar á skjá í Safnahúsinu. Hinar tvær smiðjurnar féllu alveg niður en vonir standa til að hægt verði að bjóða upp á smiðjurnar um Valþjófsstaðahurðina í tengslum við BRAS 2021.

13.3 Samstarf við Tjarnarskóg og Hádegishöfða

Safnið hélt áfram samstarfi sínu við leikskólann Tjarnarskóg sem felst í því allir nemendur úr næst elsta árgangi skólans koma í fjórar heimsóknir á safnið yfir veturinn. Í hverri heimsókn er tekið fyrir ákveðið þema, þ.e. húsakynni fólks í gamla daga; klæðnaður, matur og leikir barna. Í heimsóknunum er lögð áhersla á að kynna fyrir nemendum þær umgengnisreglur sem gilda á söfnum og leyfa þeim að snerta og prófa sjálf eins og hægt er.



Eyvindr Hefna Helgadóttir, sérfræðingur á sviði fræðslu og miðlunar, tekur á móti hópni nemenda úr leikskólanum Tjarnarskógi. Mynd: EGB

Heimsfaraldurinn setti nokkuð stórt strik í reikninginn hjá hópnum sem tók þátt í samstarfinu skólaárið 2019-2020 en heimsóknunum þeirra var hætt þegar samkomubann var sett á 24. mars. Samstarfið hófst að nýju haustið 2020.

13.4 Hauksbókarsjóður

Hauksbókarsjóður, sem er í umsjá Minjasafnsins og Bókasafns Héraðsbúa, veitti eins og undanfarin ár nemendum sem útskrifuðust af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum hvatningarverðlaun sjóðsins. Sjóðurinn er minningarsjóður um Hauk Stefánsson listmálara frá Rjúpnafelli í Vopnafirði og er hlutverk hans að efla myndlist á Austurlandi með viðurkenningum og bókagjöfum. Á árinu 2020 útskrifuðust átta nemendur af listnámsbraut Menntaskólans á Egilsstöðum. Það voru þau Anna Birna Jakobsdóttir, Hildur Vaka Bjarnadóttir, Klaudia Dominika Just, Soffía Mjöll Sæmundsdóttir Thamdrup, Sólveig S. Sæmundsdóttir, Tristan Rökkvi Jensson, Þórey Hjördís Einarsson og María Rós Steindórsdóttir. Öll fengu þau að gjöf bókina *Haukur Stefánsson*, sem gefin var út af fjölskyldu listamannsins í tilefni af sýningu á

verkum hans í Listasafninu á Akureyri árið 1995.

14. Samstarf, ráðgjöf, fundir og ráðstefnur

Starfsfólk safnsins reyndi eftir megni að sækja flesta þá fundi og ráðstefnur sem tengdust á einhvern hátt starfsemi safnsins og hlutverki þess. Þá tók safnið þátt í margvíslegu samstarfi og veitti ráðgjöf þeim sem óskuðu eftir því.

14.1 Ráðstefnur, fundir, ráðgjöf og seta í stjórnnum og starfshópum

Safnstjóri Minjasafnsins átti sæti í nokkrum stjórnnum og starfshópum á árinu og tók jafnframt þátt í margvíslegum fundum og ráðstefnum fyrir hönd safnsins. Meðal þess sem nefna má í því sambandi er að safnstjóri sat áfram sem annar tveggja fulltrúa Safnaráðs í Minjaráði Austurlands sem heyrir undir Minjastofnun en samkvæmt lögum um menningarminjar skal minjaráð starfa á hverju minjasvæði Íslands. Þá sat safnstjóri einnig áfram í samráðshópi um Daga myrkurs sem skipaður var í kjölfar málþings um framtíð hátíðarinnar árið 2019; í stjórn Söguslóða Austurlands og í samráðshópi og vinnuhópi um Sóknaráætlun Austurlands. Safnstjóri tók þátt í rýnifundi um nýja samræmda safnastefnu á landsvísu; sat vef-málstofur sem safnafræðin við Háskóla Íslands efndi til í samkomubanni og var í pallborði í einni þeirra. Safnstjóri sat einnig vorfund höfuðsafnanna þar sem rætt var um stefnumótun á sviði safnastarfs og áhrif kórónuveirunnar á safnastarf á Íslandi og var í pallborði á vefráðstefnunni Börn í forgrunni þar sem fjallað var um barnastarf á söfnum. Safnstjóri tók einnig þátt í ráðstefnunni Fræðamót sem Þjóðminjasafn Íslands og Háskóli Íslands stóðu fyrir en þar fjölluðu innlendir og erlendir fyrirlesarar um söfn og loftslagsbreytingar. Af ráðgjafaverkefnum má nefnda að safnstjóri veitti stjórn Nönnusafns í Berufirði ráðgjöf og sat einn fund með henni. Þá veittu starfskonur Minjasafnsins ráðgjöf við skráningu gripa sem tilheyra Ríkarðssafni á Djúpavogi en á árinu var byrjað að skrá safnið í Sarp. Þá unnu starfskonur safnsins með Tækniminjasafni Austurlands eins og nánar er fjallað um í kafla 15.4.

14.2 Sarpur – vinnuhópar/kjarnahópur

Á árinu hóf Landskerfi bókasafna vinnu við þarfagreiningu fyrir arftaka Sarps 3 sem er sú útgáfa af Sarpi sem söfn á Íslandi nota dag. Fyrsta skref í þeirri vinnu var að

móta framtíðarsýn fyrir nýtt kerfi og var óskað eftir aðstoð safnafólks við það. Haldnir voru tveir fjarfundir þar sem safnfólk kom á framfæri hvernig það sæi nýjan Sarp fyrir sér. Í kjölfarið voru síðan stofnaðir vinnuhópar sem fóru yfir ákveðna þætti kerfisins og sat Beata Brodowska, sérfræðingur á sviði varðveislu hjá Minjasafni Austurlands í einum þeirra. Þá var einnig stofnaður svokallaður kjarnahópur sem hafði m.a. það hlutverk að taka saman niðurstöður vinnuhópanna og ræða við notendur utan safnasamfélagsins. Elsa Guðný var ein þeirra sem sat í þeim hópi en hann fundaði sex sinnum á árinu í gegnum fjarfundabúnaði og skilaði síðan af sér skýrslu til stjórnar Sarps.

14.3 Farskóli FÍSOS

Hinn árlegi Farskóli safnmanna var einn þeirra viðburða sem urðu fyrir barðinu á kórónuveirunni á árinu. Fyrirhugað var að halda ráðstefnuna í Vestmannaeyjum í september en vegna faraldursins var honum aflýst. Þess í stað blés Félag íslenska safna og safnmanna til Fjarskóla í samstarfi við safnafræðina hjá Háskóla Íslands. Fjarskólinn var röð rafrænna fyrirlestra og málstofa sem haldin voru með reglulegu millibili frá september og fram í nóvember. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun var þema Fjarskólans að þessu sinni og fjallað um hvernig söfn geta með fjölbreyttum hætti stuðlað að sjálfbærri þróun. Meðal þess sem boðið var uppá var málstofa um samstarfsverkefnið *Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi?* þar sem Elsa Guðný, safnstjóri Minjasafns Austurlands og Elfa Hlín Pétursdóttir verkefnastjóri sögðu frá verkefninu og ræddu ýmsar hliðar þess.

14.4 Aðild að félögum

Minjasafnið var áfram aðili að Félagi íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS). Þá var safnið einnig áfram aðili að Þjónustusamfélaginu á Héraði en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu sem hafa það markmið að efla upplýsingagjöf og þjónustu við íbúa og ferðamenn. Safnið var einnig áfram í Félagi um sögutengda ferðaþjónustu en samtökin eru samráðsvettvangur aðila sem stunda söguferðaþjónustu á Íslandi, einkum hvað varðar markaðssetningu, gæði og fagmennsku.

14.5 Ljósmyndasafn Austurlands

Safnið var áfram aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs Ljósmyndasafnsins að einum þriðja á móti Héraðsskjalasafninu og Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi.

14.6 Tækniminjasafn Austurlands – þátttaka í endurskoðun og björgunarstörfum

Safnstjóri tók á árinu sæti í vinnuhóp sem settur var saman á vegum Tækniminjasafns Austurlands með aðkomu Austurbrúar. Hlutverk hópsins var að endurskoða faglegan og rekstrarlegan grundvöll Tækniminjasafnsins. Hópurinn fundaði nokkrum sinnum á árinu og var vinnan komin nokkuð vel af stað í árslok þegar náttúran greyp í taumana. Þann 18. desember féll stór aurskriða úr hlíðinni ofan Seyðisfjarðar og eyðilagði eða skemmdi fjölda húsa, þar á meðal nokkur hús Tækniminjasafnsins. Óhjákvæmilega breyttust áherslur við þetta, bæði hjá starfsfólki safnsins og vinnuhópsins.

Þessar hamfarir voru gríðarlegt áfall fyrir Tækniminjasafnið líkt og samfélagið allt. Minjasafnið lýsti strax yfir vilja til að aðstoða við verkefni sem framundan voru og gerði það strax í desember. Safnstjóri fór sem fulltrúi Þjóðminjasafnsins á staðinn 30. desember til að kynna sér hvernig staðið væri að björgun safngripa úr rústum safnsins og skilaði í kjölfarið minnisblaði til Þjóðminjavarðar. Þá tók safnstjóri á móti innihaldi peningaskáps sem bjargaðist úr flóðinu, að ósk safnstjóra Tækniminjasafnsins, og hlúði að því ásamt starfsfólki Héraðsskjalasafns Austfirðinga en skápurinn geymdi bæði ljósmyndir og skjöl. Ljóst er að mikil vinna er framundan á árinu 2021 og mun starfsfólk Minjasafns Austurlands ekki liggja á liði sínu þegar kemur að aðstoð við Tækniminjasafn Austurlands.



Ljósmyndir sem voru í peningaskáp sem bjargaðist úr skriðunni þurrkaðar og meðhöndlaðar í Safnahúsinu á Egilsstöðum. Mynd: EGB

15. Lokaorð

Þrátt fyrir heimsfaraldur, sem hamlaði viðburðahaldi og stóð í vegi fyrir mörgum fyrirhuguðum verkefnum, var árið viðburðaríkt hjá Minjasafni Austurlands. Þar ber tilnefningin til Íslensku safnaverðlaunanna einna hæst enda var hún ánægjuleg viðurkenning á faglegu starfi safna á öllu Austurlandi og sýnir fram á að margur sé knár þó hann sé smár. Þá var árið líka að mörgu leyti lærdómsríkt, ekki aðeins vegna þess að fólk þurfti að temja sér ákveðið æðruleysi gagnvart ófyrirséðum afleiðingum veirunnar heldur einnig vegna þess að safnafólk, þurfti að finna nýjar leiðir til að miðla menningararfinum til almennings. Óhætt er að segja að þar hafi vel tekist til og þannig hafi ástandið jafnvel jafnað aðgengi landsmanna að menningarstofunum og því sem þær hafa upp á að bjóða.

Framundan er vonandi betri tíð með bólusetningum og blómum í haga og þegar líður á árið verður væntanlega hægt að taka upp þráðinn í mörgum þeim verkefnum sem aflýsta þurfti á síðasta ári. Þó búast megi við að erlendir ferðamenn verði áfram færri en fyrir heimsfaraldur standa vonir til að Íslendingar verði áfram duglegir að ferðast um landið og heimsæki Austurland eins og síðasta sumar. Það er ánægjuleg þróun sem vonandi heldur áfram eftir að þessu ástandi lýkur.